

**Þrítugasti og sjöundi fundur Heilbrigðisnefndar Kjosarsvæðis var haldinn þann 5. apríl 2018 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:15.**

**Mættir:** Hannes Tryggvi Hafstein, Leifur Guðjónsson, Magnús Dalberg, Rúnar Bragi Guðlaugsson, Marianna Hugrún Helgadóttir, Linda Björk Ragnarsdóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem skrifaði fundargerð.

## **Dagskrá:**

### **1. Umsóknir um starfsleyfi, markaðsleyfi og tóbaksöluleyfi**

#### **Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna**

- a. Hulda Guðlaugsdóttir f.h. KFUM og KFUK sækir um endurnýjun leyfis fyrir rekstri sumarbúða fyrir börn að Vindáshlíð í Kjós.  
*Samþykkt til 12 ára með vísan til laga um matvæli, reglugerðar um neysluvatn og með starfsleyfissskilyrðum fyrir heimili og stofnanir fyrir börn og unglinga.*
- b. Kristján Oddsson sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir vatnsból að Neðra Hálsi í Kjós.  
*Samþykkt til 12 ára með vísan til laga um matvæli og reglugerðar um neysluvatn.*

### **2. Umsagnir um erindi sýslumanns**

- a. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 5. mars 2018 þar sem óskað var umsagnar um tímabundið áfengisleyfi í tilefni af árshátíð í Íþróttamiðstöðinni að Varmá í Mosfellsbæ þann 17. mars 2018. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 7. mars 2018. *Staðfest.*
- b. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 12. mars 2018 þar sem óskað var umsagnar um tímabundið áfengisleyfi í tilefni af vorhátíð knattspyrnudeildar Aftureldingar í Íþróttamiðstöðinni að Varmá í Mosfellsbæ þann 21. apríl 2018. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 12. mars 2018. *Staðfest.*

### **Umsagnir um gjaldskrár**

- c. Með tölvupósti dags. 8. mars 2018 óskar Seltjarnarnesbær eftir umsögn um gjaldskrá fyrir sorphirðu í Seltjarnarnesbæ.  
Lögd fram umsögn heilbrigðiseftirlits Kjosarsvæðis dags. 12. mars 2018
- d. Seltjarnarnesbær óskar eftir með tölvupósti dags. 12. mars 2018 eftir umsögn um gjaldskrá Veitustofnunar Seltjarnarness, fráveitu- og tengigjald.  
Lögd fram umsögn heilbrigðiseftirlits Kjosarsvæðis dags. 8. mars 2018

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

### Umsagnir um skipulagsupprætti

- e. Seltjarnarnesbær óskar eftir með tölvubréfi dags. 2. mars 2018 eftir umsögn um verkefnislýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 og deiliskipulagi Valhúsahæðar.  
Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis upplýsti með tölvubréfi þann 23. mars 2018 að ekki væri ástæða til að gera athugasemdir við erindið.
- f. Mosfellsbær óskar eftir með bréfi dags. 21. febrúar 2018 eftir umsögn um verkáætlun skipulagsáætlunar vegna breytingar á frístundasvæði í suðurhluta Mosfellsbæjar.  
Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dagsett 27. mars 2018

### Umsagnir um skipulagsmál innan vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins

- i. Starfsleyfi fyrir Lyklafellslínu 1  
Lagt fram bréf Landsnets til Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis dagsett 21. janúar 2018 þar sem óskað er eftir framlengingu á starfsleyfi fyrir ofangreinda framkvæmd.  
Lagt fram starfsleyfi Landsnets hf. fyrir byggingu Lyklafellslínu 1 með gildistíma til 31. október 2017.  
Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 84/2017 þar sem felld er úr gildi ákvörðun bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar frá 21. júní 2017 um að samþykkja veitingu framkvæmdaleyfis vegna Lyklafellslínu 1.  
*Á grundvelli fyrirliggjandi úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála hefur heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis ekki forsendur til að fjalla nánar um málið.*
- g. Lögð fram skýrsla Mannvits dags. í febrúar 2018 um aukna vinnslu í Vatnsendakrikum.  
*Lagt fram.*
- h. Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 27. febrúar til heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og skýrsla Mannvits: „Lagning háspennustrengs og ljósleiðara að skíðaskála í Kóngsgili í Bláfjöllum“. Fyrirspurn um matsskyldu.  
Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dagsett 13. mars 2018.  
*Lagt fram.*
- i. Lögð fram greinargerð Kópavogsbæjar: „Áhættumat vegna starfsemi á skíðasvæði í Bláfjöllum og fyrirhugaðrar starfsemi við Þríhnúkaíg og gagnvart vatnsvernd og grunnvatnsmálum“, dags. feb. 2018.  
*Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis tekur undir með starfshópi Kópavogsbæjar að tryggja þarf umferðaröryggi og mengunarvarnir á vegum og svæðinu áður en en frekari uppbygging er fyrirhuguð.*

### Umsagnir um nýja löggjöf

- j. Lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, þingskjal 244 – 248 mál.
- k. Lagt fram frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998 (afnám banns við heimabruggun til einkaneyslu). Þingskjal 197 – 127. mál.
- l. Lagt fram frumvarp til laga um Matvælastofnun þingskjal 442 – 331 mál.
- m. Lagt fram frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur. Þingskjal 281 – 202 mál.

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

- n. Lögð fram drög að reglugerð um losun frá atvinnurekstri og umhverfiseftirlit. skjal merkt í vinnslu 13. mars 2018.
- o. Lögð fram drög að reglugerð um fráveitur og skólp.

### 3. Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis

Ársskýrsla ársins 2017 var lögð fram og gerði framkvæmdastjóri grein fyrir helstu atriðum ársskýrslunnar.

### 4. Loftgæði við Vesturlandsveg

Lagt fram erindi Þórunnar Scheving Elíasdóttur um loftgæði við Vesturlandsveg.

### 5. Önnur mál

- a. Lagðar fram fundargerðir 120. og 121. fundar framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.
- b. Nýr viðauki við starfsleyfi veitingarstaða vegna gæludýra inn á veitingarstöðum var lagður fram.
- c. Kynnt að Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis fékk styrk frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu að upphæð 1 milljón til að rannsaka vistkerfi Selvatns, Silungatjarnar og Krókatjarnar.